

Félagssfundur Alnæmisbarna, 29. janúar 2005

Haldinn mið. 29. janúar 2005 í fundarsal Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9, Reykjavík, kl. 20:15

Minningarfundur um Erlu Halldórsdóttur

Fundarstjóri: Benedikt Steingrímsson

Fundarritari: Þórunn Sveinbjarnardóttir í fjarveru Bjarna Reys Kristjánssonar

Mættir: 36 félagar (sjá viðveruskrá).

1. Formaður stjórnar Alnæmisbarna, Þórunn Sveinbjarnardóttir, flutti nokkur minningarorð um Erlu Halldórsdóttur stofnanda Candle Light Foundation og Alnæmisbarna, sem lést 24. desember 2004. Fundarstjóri bað fundargesti að votta minningu Erlu virðingu sína með því að drúpa höfði í þögn í hálfu mínútu.

2. Samþykkt að María J. Gunnarsdóttir verði nýr gjaldkeri stjórnar. Jafnframt að Hildur Gestsdóttir gangi til liðs við stjórnina fram að aðalfundi.

3. María J. Gunnarsdóttir reifaði starf Alnæmisbarna í vetur (sjá hjálagt minnisblað) og þá hugmynd stjórnar að stofna starfshópa um tiltekin verkefni félagsins. Skráningarblöð í starfshópa voru látin ganga á meðal fundarfólks. Hildur Gestsdóttir hefur tekið að sér umsjón hóps um kertagerð.

Miklar og góðar umræður urðu um þennan lið á fundinum. Þar kom eftirfarandi m.a. fram:

- Gestur Gíslason ítrekaði mikilvægi sjálfstæði starfsemi CLF í Kampala og nauðsyn þess að Alnæmisbörn styddu og styrktu ákveðna þætti þess starfs. Styrkur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) við CLF er notaður til þess að greiða húsaleigu og laun starfsfólks. Þetta er þriðja og e.t.v. síðasta árið sem hann fæst. Þarf að huga að framhaldi stuðnings frá ÞSSÍ. Stuðningur Alnæmisbarna hefur verið til lyfjakaupa og skólagöngu en stuðningur við skólagöngu sumra stúlkanna er frá því fyrir stofnun félagsins.

- Þórunn benti á nauðsyn þess fyrir samfelluna í starfinu hjá CLF að fulltrúar Alnæmisbarna færu á vettvang. Þess vegna ráðgerir stjórn Alnæmisbarna að senda tvær stjórnarkonur til Kampala á næstunni til þess að hægt sé að veita sem bestan stuðning við starf CLF. Einnig kemur til greina að bjóða Rosette Nabuuma, framkvæmdastjóra CLF, til Íslands.

- Sigurlaug Hauksdóttir, félagsráðgjafi HIV-jákvæðra og aðstandenda, vakti athygli félagsmanna á því að í nýjasta tölublaði Rauða borðans (des. 2004) væri grein eftir Erlu Halldórsdóttur um CLF. Þá var einnig bent á góða umfjöllun um CLF í afmælisriti UNIFEM sem kom út í haust.
- Nokkur umræða varð um nauðsyn þess að veita stúlkunum í Kampala félagslegan stuðning. Einnig hugmyndir um stofnun sjálfshjálparhópa eins og til eru hér á landi fyrir þá sem eru HIV-jákvæðir.
- Fundarfólk skráði sig í starfshópa um kertagerð, nýsköpun og þróun, og fjáröflun.

4. Önnur mál.

Hildur minnti á blómakertin fallegu - og þau seldust upp samstundis!

ÞSV.